

**Verkefni:** Stjórnarskiptafundur Gíggjunnar  
**Dagsetning fundar:** 14. nóvember 2010.  
**Tímasetning fundar:** kl. 18:30 - 21:15  
**Fundarstaður:** Caruso, Laugavegi.

**Stjórnarmenn/fundarmenn:**

Aðalheiður Gunnarsdóttir (AG)	formaður	Mætt
Jófríður Guðmundsdóttir (JG)	varaformaður	Mætt
Steiney Halldórsdóttir (SH)	ritari	Mætt
Anna Inga Grímsdóttir (AIG)	gjaldkeri	Mætt
Anna Laxdal Þórólfsdóttir (AL)	meðstjórnandi	Mætt
Sigurborg Sigurðardóttir (SS)	nýliði í stjórn	Mætt
Ingibjörg Viggósdóttir (IV)	varamaður í stjórn	Mætt
Ragnheiður Helgadóttir (RH)	varamaður í stjórn	Mætt

**Fundarefni og helstu niðurstöður fundar:**

**1. Formleg stjórnarskipti**

Aðalheiður Gunnarsdóttir setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna til stjórnarskiptafundar Gíggjunnar. Nýjar konur voru boðnar velkomnar til starfa. Nýja stjórnin skipti með sér verkum. Aðalheiður Gunnarsdóttir verður áfram formaður Gíggjunnar. Jófríður Guðmundsdóttir fer út úr stjórn og inn kemur Sigurborg Sigurðardóttir sem varaformaður. Steiney Halldórsdóttir verður áfram ritari, Anna Inga Grímsdóttir gjaldkeri og Anna Laxdal Þórólfsdóttir meðstjórnandi. Ingibjörg Viggósdóttir varamaður í stjórn ætlar að vera AG innan handar og aðstoða við heimasíðu Gíggjunnar. AG og IV hittu Heiðu Gunnarsdóttur og fóru yfir þau mál ásamt því að fá upplýsingar frá JG um vefsetrið.

Öll fundarboð og allar fundargerðir verða sendar á varamenn og stjórn Gíggjunnar.

Ritari mun senda allar fundargerðir til stjórnar til yfirlestrar/samþykktar áður en þeim er komið fyrir inni á vefsetrið. Skoðunarmenn reikninga verða áfram Inga J. Arnar og Margrét Hreinsdóttir.

AG þakkaði JG kærlega fyrir frábær störf í þágu Gíggjunnar og var henni klappað lof í lófa.

**Aðalstjórn Gíggjunnar næsta starfsár.**

Aðalheiður Ósk Gunnarsdóttir Kvk Suðurnesja formaður  
 Sigurborg Sigurðardóttir Kvk Garðabæjar varaformaður  
 Steiney Halldórsdóttir Kvk Hafnarfjarðar ritari  
 Anna Inga Grímsdóttir Kvk Léttisveit Reykjavíkur gjaldkeri  
 Anna Laxdal Kvk Reykjavíkur meðstjórnandi

**Varastjórn Gíggjunnar næsta starfsár.**

Dagbjört Sigurbergsdóttir KvK Kyrjurnar  
Ragnheiður Helgadóttir KvK Hafnarfjarðar  
Ingibjörg Viggósdóttir KvK Kyrjurnar

**2. Skipulag tölvupósts Gíggjunnar**

IV ætlar að vera vefstjóri með AG, þannig að 2 konur fara yfir póstinn og koma þeim upplýsingum á vefsetur Gíggjunnar, sem koma frá aðildarkórunum.

**3. Tenging við aðildarkóra Gíggjunnar**

Ákveðið var að stjórnin myndi halda áfram tölvusamskiptum við aðildarkórana eins og verið hefur, þar sem það hefur reynst ágætlega. AG ætlar að senda póst á kórana til að athuga hvort einhver ætli að frumflytja jólalagið sem Elín Gunnlaugsdóttir samdi fyrir Tónverkasjóðinn fyrir þessi jól. Ef ekki þá ætlar hún að fá frestun á frumflutningi aðildarkóranna til þarnæstu áramóta þ.e. 2011-2012. Einnig ætlar hún að hafa samband við Kvennakór Akureyrar og athuga hvort þær taki ekki vel í það að vera með næsta landsmót sem verður árið 2014.

**4. Sameiginlegir tónleikar.**

Rætt var um það á aðalfundinum að hafa sameiginlega tónleika jólin 2011 í Hörpunni. Stjórnin þarf að athuga hver kostnaðurinn myndi vera og hvort áhugi sé hjá aðildarkórunum fyrir tónleikunum.

**5. Innheimta félagsgjalda 2010-2011**

Formönnum allra aðildarkóranna verður sent innheimtubréf á næstunni frá gjaldkera (AIG). Þessi bréf þurfa að berast sem fyrst með gjalddaga og senda síðan ítrekun til kóranna ef ekki er búið að greiða á gjalddaga.

**6. Nýir kórar.**

AG ætlar að hafa samband við Iðnu Lísurnar á Húsavík og athuga hvort þær hafi ekki áhuga á að koma inn í Gíggjuna. Það er í athugun hjá konum á Blönduósi að stofna nýjan kvennakór. Stjórnin ætlar að fylgjast með hvernig það gengur og ef kórin verður stofnaður þá að skoða hvort þær myndu ekki vilja ganga í Gíggjuna. SS ætlar að hafa samband við formann Flugfreyjukórisins og athuga hvort þær hefðu ekki áhuga á að koma inn í Gíggjuna.

**7. STEF gjöld og SFH.**

STEF gjöld voru rædd á fundinum hvað varðar sameiginleg gjöld og fleira. Eins og rætt hefur verið um áður þá hefur verið reynt að ná sambandi ítrekað við Gunnar Guðmundsson framkvæmdastjóra SFH er varðar greiðslu úr SFH sjóðnum. Hann svarar engum tölvupóstum og er mjög erfitt að ná í hann. Stjórnin ræddi um hvort hægt væri að fá meiri spilun á kvennakóratónlist með því að senda pósta á útvarpsstöðvar og þá sérstaklega á adventunni. AG ætlar að heyrna í Margræti Bóasdóttur og athuga hvort hún viti hvernig hægt sé að ná sambandi við Gunnar og fá frekari upplýsingar um greiðslur úr sjóði SFH.

**8. Landsmót 2011.**

Stjórnin ætlar að hafa samband við Jórukórinn vegna félagsfundar og formannsfundar á landsþinginu um það hvernig þeim verður háttað. Einnig hvernig og hvenær halda eigi kórstjórafund á landsmótinu. Spurningin er hvort formannafundur og kórstjórafundur yrði á sama tíma og síðan gætu allir hist á eftir þ.e. kórstjórar og formenn. Haft verður samband við kórstjórana til að fá ráðgjöf frá þeim um hvernig þeir gætu aðstoðað við að koma upp upplýsingabanka fyrir þá kóra sem koma til með að halda landsmót í framtíðinni.

Ákveðið var að halda næsta stjórnarfund þann 17. febrúar kl. 18:00

Fundi var slitið kl. 21:15

Ritari fundargerðar: Steiney Halldórsdóttir